

AUGLÝSING

um deiliskipulag, 5. breyting virkjunar á Hellisheiði, í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 29. janúar 2009 samþykkt deiliskipulag er nær til breytingar virkjunar á Hellisheiði, sbr. 4. mgr. 25. gr. sömu laga og 2. mgr. gr. 6.4 í skipulagsreglugerð.

Deiliskipulagið ásamt umhverfisskýrslu er afgreitt af Skipulagsstofnun sbr. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Helstu breytingar eru að gert er ráð fyrir færslu vélasalar fyrir vélar 5 og 6 ásamt kæliturnum, gufuháfum, lokahúsi og mannvirki fyrir H₂S hreinsibúnað austar á iðnaðarsvæði Hellisheiðarvirkjunar. Gert er ráð fyrir þremur nýjum geymslusvæðum/efnislagerum og vegur inn í Sleggju-beinsdal verður færður. Gert ráð fyrir tveimur nýjum niðurrennsliðssvæðum, nýju borsvæði í Hamragili og að borteigur austan í Stóra-Skarðsmýrarfjalli verði stækkaður. Reiðleið vestan lóðar stöðvarhúss verður færð til austurs og staðsetning fyrir neyðarlosun skiljuvatns verður leiðrétt.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 3. mars 2009.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 3. mars 2009